

Reykjavík 30.03.2023

**Varðar: Vatnsstíg 4 – breyting á byggingarleyfisumsókn**

Skoðuð er breyting á erindi BN059362 Orra Árnasonar, dags. 07.03.2023, sem felst í breytingu á þakformi suðurhluta húss og áklæðningu húsa á lóð nr. 4 við Vatnsstíg. Erindi fylgir tölvupóstur hönnuðar, dags. 29.03.2023, með mismunandi útfærslum á uppdeilingu klæðningar.



Útlit fyrir breytingu



Útlit samkvæmt innsendum aðaluppdráttum



Tillaga 1 að uppdeilingu áklæðningar




Tillaga 2 að uppdeilingu áklæðningar


**Skipulagsleg staða:**

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 sem sýnir lóðina á Miðborgarsvæði (M1)

Í gildi er Deiliskipulag stgr. 1.172.1, Frakkastígsreitur, dags. 23.05.2023, með síðari breytingum.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hluti gildandi deiliskipulags



**Umsögn:**

Fyrir liggur jákvæð umsögn skipulagsfulltrúa við fyrirspurn um breytingu á þakformi, dags. 23.02.2023. Breyting á þakformi telst samræmast gildandi deiliskipulagi um kjallara 3 hæðir húss, og tvöfalda þakhæð.

Í gildandi deiliskipulagi er ekki kveðið á um áferð útveggja. Hins vegar hafa skýringarmyndir deiliskipulags gefið til kynna að útveggir séu steypfir og málaðir. Í ljósi ókosta þess að hafa steypa útveggi, einangraða að innan, er jákvætt tekið í að útveggir verði áklæddir. Er þá mælt til þess að áferð og uppskipting áklæðningar verði látlaus svo hún verði sem líkust steyptri áferð.

**Niðurstaða:**

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið en mælt til þess að uppskipting áklæðninga á útveggjum verði látlaus.

**F.h. Skipulagsfulltrúans í Reykjavík**

**Sigríður Maack**, arkitekt / verkefnisstjóri